

AUGLÝSING

158

26. sept.

um breytingu á gjaldskrá rafveitu Hafnarfjarðar.**1. gr.**

Fyrir notkun í september og þar til annað verður ákveðið innheimtist allir rafmagnsreikningar með 10% álagi.

Undantekin er þó notkun samkv. gjaldskrárlið D 1 um fulla húshitun.

2. gr.

Aftan við gjaldskrárlið D 1 c, um rafmagn til fullrar húshitunar, bætist eftirfarandi málsgrein:

Verð þetta er miðað við útsöluverð kola 80 kr. pr. tonn, en heimilt er að breyta því hlutfallslega við útsöluverð kola í hverjum mánuði.

Aðrir taxtar til fullrar húshitunar breytast þannig:

Taxti D 1 a skal ávallt vera 40% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 b skal ávallt vera 20% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 d skal ávallt vera 10% hærri en D 1 c að degi til, en 20% lægri en D 1 c að nóttu til.

Taxti D 1 e falli úr gildi.

Taxti D 1 f skal ávallt vera 50% lægri en D 1 c

3. gr.

Heimilt er að hækka hið lægra gjald samkv. töxtum B 2 og B 3 um meir en 10%, þannig að það verði jafnhátt breyttum taxta D 1 a.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

159

27. sept.

um flutning líka.**1. gr.**

Enginn má taka til flutnings eða flytja lík milli sókna hér á landi utan Reykjavíkur, hvort sem er með skipi, bifreið eða öðrum flutningatækjum, né veita viðtöku líkum úr öðrum sóknum, nema gætt sé fyrirmæla þessarar reglugerðar.

2. gr.

Búa skal um lík, sem flutt er á milli sókna, sem hér segir (sbr. þó 3. gr.): Líkið skal vera í hæfilega sterkri og endingargóðri loft- og lagarheldri málmkistu, en þar utan yfir sé traust og vönduð trékista og svo um búið, að málmkistan haggist ekki innan í trékistunni. Í botni trékistunnar sé að minnsta kosti 5 cm þykkt lag smárra hefilspóna, muldra viðarkola, mómoldar eða annars þess háttar, og

159 vel vætt í kresólvatni (5%) eða öðrum álika virkum sóttvarnarlegi. Ef um lík manns er að ræða, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi þess háttar, að sóttætta geti stafað af líkinu, skal trékistan vera svo lagarheld sem unnt er: tjörguð að innan og bik í samskeytum. Líkinu skal fylgja greinilegt vottorð héraðslæknis um umbúnað þess og sérstaklega tekið fram, hvort um næman sjúkdóm sé að ræða, er sóttætta geti stafað af.

3. gr.

Héraðslæknir má veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., þegar um mjög stuttar ferðir er að ræða, lík aðeins fárra daga gamalt og sóttætta kemur ekki til greina. Undanþágu þessa veitir héraðslæknir skriflega.

4. gr.

Nú óskar maður að grafa upp lík til að flytja það í burtu, og skal þá leita heimildar ráðherra. Ef ráðherra heimilar uppgröftinn, segir hann nánar fyrir um, hverjar varúðarráðstafanir skuli við hafðar.

5. gr.

Reglur þessar hagma ekki almennum ákvæðum sóttvarnarlaga um frekari öryggisráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 50—500 kr., nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. september 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

160 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Soffíu
29. sept. Skúladóttur frá Odda“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 29. september 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Soffíu Skúladóttur frá Odda.

1. gr.

Minningarsjóður Soffíu Skúladóttur er stofnaður af nemendum hennar á Akra-
nesi, og er höfuðstóllinn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, að upphæð kr. 330.00 —
þrjú hundruð og þrjátíu krónur —.

2. gr.

Sjóðinn skal varðveita í Söfnunarsjóði Íslands, ásamt því er bætast kann við
höfuðstóllinn. Skulu allir vextir leggjast við höfuðstól, þangað til árið 1957. Frá þeim